

"Pjöðernir" J. M. Ólafsson

# HEIMIR

---

## EFNISYFIRLIT

Lúther sem fyrirrennari frjálslyndis á síðum  
Um Magnús Eiríksson - - - - - Kitsti.  
Við náðeð Magnúasar Eiríkssonar Bertel E. O. Þorleifsson.  
Skylda frjálslyndra manua gagnvart röng-  
um trúarbrögðum - - - - - Austin Bierbower.  
Árskýrsla Ameríka Úntarafélagsins - - - - - Ritstj.  
Úr öllum áttum - - - - - Ritstj.  
Íslenzkir höfuðlærðómar - - - - - Ritstj.  
Bæjarförd - - - - - M. Skeibrok.

PJÖDERNIÐ  
1910  
WINNIPEG BEACH  
MANITOBA

VIII. ÁR      1912      9 BLAÐ

# T I M B U R !

**Þarf** Vér höfum miklar byrgðir af tegldu og ótegldu timbri.  
**Þarf** Vor innanhús "Finishing," Gluggakarmar, Hurðir og Listar, eiga enga sína jafningja. Eitt borð eða vagnhlass.

Komið til vor

**The Empire Sash & Door Co. Limited**  
Henry Avenue, East


## BARNALÆRDOMSKVER ÚNÍTARA

er til sölu hjá þessum mönnum:

Sveini Thorvaldssyni, Icelandic River; Sigurði Péturs-syni, Árnes; B. B. Olson Gimli; séra Rögnv. Péturssyni, Winnipeg; séra Guðm. Árnasyni, Winnipeg; Guðmundssyni, Mary Hill; Nielsi Hallsyni, Mary Hill; séra Albert E. Kristjánssyni, Lillesve; Ólafi Péturssyni, Foam Lake; Magnúsi Bjarnasyni, Mountain; Einari Einarssyni, Pine Valley; og flestum íslenzkum bóksölum. :: ::

**VERÐ: 35 cent**

# HEIMIR



VIII árgangur

WINNIPEG. 1912.

9. blað.

## Lúther sem fyrirrennari trúarfrjálslyndis á síðari tímum.



Tímabil það í mannkynssögunni, sem nefnt er síðbótar-tímabilið, er að ýmsu leyti afar merkilegt; á því gerðust þeir viðburdir, sem jaðnan munu verða taldir með stór-viðburðum sögunnar. Fyrir síðbótartímabilið, á miðöldunum svo nefndu, var menning Nordurálfunnar og andlegt líf svo háð kyrkjunní, að sjálfstæður þroski gat ekki átt sér stað. Vald kyrkjunnar var nærið því takmarkalaust; boð heumar og bann giltu sem lög. Þeir sem ekki vildu hugsa að öllu leyti eins og hún skipaði fyrir að menn ættu að hugsa, voru ofsóttir og bannfærðir; og ef það dugði ekki, þá, að lokum, af lífi teknir. Fjandskapur kyrkjunnar gegn öllu, sem gat hagað kenningum hennar, gegn allri nýbreytni í trú og skoðunum, stóð andlegum framförum fyrir þrifum; þær gátu ekki átt sér stað fyr en vald hennar væri á einum hvern hátt lamað

Síðbótarhreyfingin braut niður vald kaþólsku kyrkjunnar og batt enda á hin algerðu yfirráð hennar. Að vísu var síðbótið ekki hin eina orsök þess, að vald kyrkjunnar og páfans var

brotið niður. Hún var áframhald af annari hreyfingu, sem hófst þegar menn á fímtándu öldinni fóru að kynnast aftur hinum fornu grísku bókmentum og listum, sem öldum saman höfðu verið gleymdar. Endurfæðing bókmenta og lista, eins og þessi hreyfing er nefnd, hafði stórkostlega mikil og viðtæk áhrif. Einnig breyttist þekking manna á heiminum mjög mikið við nýja landafundi og vísindalegar uppgötvanir, sem gerðar voru um sama leyti. Siðbótahreyfingin var endurfæðingarhreyfing innan kyrkjunnar; hún var tilraun nokkurra manna til að vekja astur það andlega líf, sem lengi hafði legið fjötrað í dróma valdagirni.

Lúther ber í vissum skilningi höfuð og herðar yfir alla aðra frumkvöðla siðbótarinnar. Hann var ákaflaga einbeittur maður og lét ekkert hamla sér frá að halda sinni skoðun fram, hvar sem var og hvernig sem á stóð. Hann hugsaði ekkert um sjálfan sig, þegar um það var að ræða, að verja skoðanir sínar, eða sannfæra aðra um að þær væru réttar. Án þessarar einbeittni hefði honum aldrei getað orðið eins mikið ágengt og honum varð. Frjálslyndur var hann, ekki að eins gagnvart kyrkjunni og þeirri guðfræði, sem þá var í gildi, heldur einnig gagnvart öllu, sem menn þá skoðuðu sem óskeikulan sannleika í trúarefnum, eins og síðar mun verða sýnt. En um leið var hann þróngsýnn og oft mjög óumburðarlyndur í garð þeira, sem voru henum samdóma í aðalatriðunum, en vildu ganga lengra en hann í einstökum atriðum. Hann var ekki sjálfum sér samkvæmur. Það sem dregur athygli flestra meira til hans en annara siðbótarmanna er, að hann stóð ávalt þar sem straumurinn var þyngstur, án þess að gugna eða gefast upp. Staðfesta hans, þrátt fyrir að farmikla erfðleika, yfirgnæfði alla ókosti hans sem leiðtoga og umbótamanns.

Um atvikin, sem leiddu til þess að Lúther hófst handa gegn kaþólsku kyrkjunni, þarf ekki að fjölyrða. Hann reis upp gegn aflausnarsölunni, sem þá var mjög notuð af páfanum til að ná í peninga, bæði til eigin þarta og til byggingar Péturskyrkjunnar í Róm. En í raun og veru var aflausnarsalan að eins eitt af mörgu, sem Lúther var orðinn andstæður í

kenningum og síðum kyrkjunnar. Hann hafði lesið bíblíuna vandlega meðan hann var í klastrinu í Wittenberg og hafði komist að þeirri niðurstöðu, að margt í fyrirkomulagi kyrkjunnar væri í ósamræmi við hana. Páfavaldið sjálft var ekki grundvallað á bíblíunni; það var mjög veraldleg stofnun, sem hafði verið sett upp af valdaffskn, og sem hafði stöðugt fjarlægst hina upprunalegu kyrkju og kristindóm, sem var bíblíu-kristindómur. Þetta kom hvergi betur í ljós, en í kenningum kyrkjunnar um verk og sáluhjálp af þeim. Kenning kyrkjunnar um réttlætingu af verkum var ekki þannig, að menn réttlættust af góðum verkum og réttri breytni, heldur af verkum, sem voru unnin í kyrkjunnar þarfir. Að iðrast, játa syndir sínar og leysa af hendi verk, sem kyrkjan ákvað, var samkvæmt kenningum kyrkjunnar nauðsynlegt til að fá fyrirgefningu syndanna og verða hólpinn. En Lúther hafði lesið í bréfum Páls, að menn yrðu hólpnir vegna trúar. Það var alt annað en það sem kyrkjan var að kenna. Hún heimtaði hlýðni og að menn gerðu það, sem henni þóknaðist að leggja þeim á herðar að gera. Trúin, sem Páll talaði um, var innri sannfæring, sem ekkert kom ytri síðum né verkum við. Lúther fylgdi hér bíblíunni en hafnaði kyrkjukenningunni.

Í fyrstu vildi Lúther láta breyta fyrirkomulagi kyrkjunnar svo, að það yrði í samræmi við kristindóm Nýjatestamentisins. En þegar hann sá, að það gat ekki orðið, snérist hann algerlega móti páfavaldinu; og hélt fram, að alt, sem stafaði beinlínis frá því væri rangt. En á hverju átti þá að byggja? Hvar var mælikvarða trúarinnar að finna, ef hann var ekki í fyrirskipum páfans og samþykktum kyrkjubinganna? Hann var að finna í bíblíunni. Hún, eða Nýjatestamentið — því Lúther hefir esalaust skoðað Gamlastamentið að eins sem undirbúning fyrir það nýja — var grundvöllurinn, sem byggja átti á. En um leið og einu er hafnað, sem er alment viðtekið sem óskeikult, og á annað bent, sem eigi að koma í stað þess sem hafnað var, verður að gera grein fyrir hvers vegna það sé óskeikulla en hitt, sem hafnað er. Og Lúther gerði það. Hann sagði að bíblían væri

óskeikull trúargrundvöllur vegna þess, að hún væri í samræmi við manntega skynsemi.

Frjálslyndi á öllum tímum er í raun réttri það, að menn aðhyllið þær skoðanir, sem eru í samræmi við heilbrigða skynsemi. Frjálslyndi er annað og meira en eintómt umburðarlyndi; sá maður, sem telur allar skoðanir jafn góðar og gildar er ekki frjálslyndur. Það er langt frá því að vera nokkurt frjálslyndi nú á tímum, að álita bíblíuna óskeikulan grundvöll trúarskoðana; þeir sem þá afstöðu hafa eru nú taldir asturhaldssamir í trúmálum. Þen aukin vísendaleg þekking og rannsóknir bíblíunnar sjálfrar, hafa gett öllum ómögulegt að taka sömu afstöðu nú og menn gátu tekið á dögum Lúthers, nema þeim, sem játa, að þeir fylgi ekki skynseminni, þar sem hún komi í bága við skoðanir, er eitt sinn hafa verið viðteknar. Það hefði heldur ekki verið frjálslyndi, ef Lúther hefði gert bíblíuna að sínum trúargrundvelli án þess að segja um leið, að hann gerði það vegna þess að kenningar hennar væru skynsamlegar. Sú staðhæsing, hversu fjarstæð sem oss kann að virðast hún nú, ber vott um frjálslyndi hans. Trúargrundvöllur kaþólsku kyrkjunnar var ótraustur; það var óskynsamlegt að ætla, að alt sem þáfinn skipaði væri rétt, og að samþyktir kyrkjupinganna væru að öllu leyti ábyggilegar. Æn í bíblíunni var skynsamlegan grundvöll að finna. Þess vegna átti að byggja á honum, en hafna hinum. Astur skal tekið fram, að á dögum Lúthers var það í samræmi við almenra skynsemi sem alls ekki er það nú.

Flestir munu viðurkenna að fleiri sálaréiginleikar en skynsemin ein eigi þátt í myndun trúarskoðananna. Æn jafnvel þeir sem ætla skynseminni lágan sess, þegar til trúmálanna kemur, geta ekki neitað því, að allar trúarskoðanir verða að hafa staðist hennar próf að einhverju leyti, ef þær eiga að lifa. Sú trúarskoðun, sem menn alment geta viðtekið að eins með því, að forðast að hún komi undir álit skynseminnar, er á fallandi fæti. Starf frjálslyndra manna hefir verið, og er enn þá, að leggja niður gamlar, úreltar og óskysamlegar trúarskoðanir og mynda aðrar nýjar, sem fullnægi að minsta kosti þeirra eigin sálarþörfum. Allir sem þetta starf vinna, hljóta að finna, að

Lúther er einn af fyrirrennum þeirra, þó langur tími og ólikar skoðanir skilji hann frá þeim. Aftaðan er sú sama. Og ekkef annað en aftaðan getur verið sameiginlegt með mönnum sem lífdu á sextándu öld, og mönnum, sem lífa á nítjándu og tuttugustu öld, ef þeir síðari eiga ekki að vera sextándu aldar andlegir steingjörfingar.

Lúther er þá einn af fyrirrennum Únítara; því þeir starfa nú í sama anda og hann starfaði á sextándu öld. Ef hann væri uppi nú og tæki samskonar afstöðu í trúarbragðalífinu og hann gerði þá, þá efalaust mundi hann finna meðal Únítara og annara frjálslyndra manna sér andlega skyldari menn, en meðal þeirra, sem eru einkendir með hans nafni. Hann mundi sjá, að sú hreyfing sem hann stofnaði til, eyddist að mestu leyti hjá þeim, sem eftir hann komu; en hefir aftur hafist annarstaðar, líkt og straumur, sem hverfur í gljúpan jarðveg, til þess aftur að koma í ljós hreinni og svölunararmeiri, þar sem þreyttir vegfarendur eiga leið um.



## Um Magnús Eiríksson.

### Nokkrar endurminningar

eftir *professor Fredr. C. B. Dahl* í Khöfn.

Sumarið 1906 heimsótti ég í Kaupmannahöfn einn af æskuvinum föður míns sáluga, prestinn Hans Dahl, alkunnan danskan málvöndunar mann. Hjá honum hitti ég bróður hans, nokkuð eldri, professor Frederik Dahl, úður skólamistara í Slagelse og ríkisþingmann, sem ég að vísu hafði eigi séð fyrri, en fækti nokkuð af að spurn frá kandidatsárum mínum, er ég var óvígður aðstöðari bróður þeirra. Þóttur Dahl, er þá var prestur í Kallehave á Sudur Sjílandi. Þeir braður - eins og líka fadit þeirra, er verið hafði aldavinur Árna stiftsprófasts Helgasonar og tekið embættispróf sama dag og hann, höfðu allir á yngri árum haft kynni af Íslendingum og barst tal okkar því eðilega að þeim mönnum. Professor Dahl tilnefudi sér

staklega Gísla Sigurðsson Thórarensen (síðast prest að Stokkseyri), Konráð Gíslason professor, Magnús Eiríksson guðfræðinginn, Karl Andersen skáld-sagnahöfundinn og Steingrím Thorsteinsson skáld og skólameistara. Lígu honum einkar hlýlega orð til þessara íslenzku vina sínna allra, en sérstaklega komst hann á loft er hann mintist Magnúsar Eiríkesonar, enda hafði hann stadioð í nánustu og lengstu vináttusambandi við hann. Ég mun þá hafa sagt eitt hvad á þú leid við professor Dahl, að gaman hefði verið að því að eiga skrifad eftir hann hitt helzta sem hann myndi frá samvistarárunum við Magnús. Hann afsakadi sig með ellí sinni (hann var þá á 85. ári) og stirð leika til ritstarfa, en að skilnaði losaði hann mér þó við bentugleika að senda mér í bréfi helztu endurmíninggar símar um Magnús, er bezt lýstu manninum og mætti ég nota þær á þann hátt sem ég vildi. Þetta losord sitt efndi professor Dahl í fyrra vetur (í bréfi dagsettu 18. nóv. 1910) og þessar endurmíninggar hans let ég nú "Óðinn" taka til flutnings, gerandi ráð fyrir, að fleitum en mér þyki gaman að kynnast þeim. Úr bréfi próf. Dahl, sem ég hefi fyllt á íslenzku, hefi ég að eins felt niðurlagið, sem ekki snerti Magnús.

Próf. Dahl er enn á lífi, nú á 91. ári, aðdúanlega ern og hress af jafn há-öldruðum manni. Að eins hetir sjóninni farið astur á seinustu árum.

Jón Helgason.

---

Síðast, er fundum okkar bar saman hjá Hans bróður mínum og tali okkar barst að fornvinni mínum ógleymanlegum Magnúsi Eiríkssyni, hét ég yður því, að skýra yður við takifari frá einu og öðru, sem mér kynni enn að lóða í minni frá fyrri timum, um þennan mann, sem ég stóð í hinu nánasta vináttu sambandi við um svo margra ára skeið. Þar sem nú sjón mín er tekin að veiklast svo, að ég get ekki fært þetta í pennann sjálfur, hefir Hans bróðir minn tekist í hendur að skrifa það eftir forsögn minni. Dagbók hefi ég enga haldið, svo að skýrsla mín getur ekki orðið í neinni tímaröð, það er ekki einu sinni svo vel að ég muni nú lengur hvenær fyrst hófst vináttan með okkur Magnúsi.

Magnús var fæddur nyrst á Íslandi, rétt norður undir heinisskautabaugn um (á Skinnalóni í Dingeyjarsýlu 22. júní 1806), þar sem sól gengur aldrei til viðar þegar lengstur er dagur. Þetta taldi Magnús fyrirboda þess, að hann ætti að verða ljóssins barn, og hugboð þóttist hann hafa um, að guð mundi unna sér langra lísdaga til þess að vinna ljóssins verk hér í heimi. Ýmislegt várð þú og til að styrkja hugboð hans. Meðal annars var hann maður líkamlega hraustur, fimmur og sterkbrygdur. Í aescu hafði hann verið glímumáður

göður og á skólaárum sínum venjulega verið aðnar fyrirliðinn — “bóndinn” mun það heita á íslenzku, — þegar farið var í bændagámu. Á gamals aldri var honum ein lét um vik að sveifla mér í kringum sig, er hann var að kenna mér helztu glímutökin.

Einhverju sinni kom höfuðlagsfræðingur (frenolog) til Kaupmannahafnar, leituðu margir á fund hans og medal þeirra Magnús. Tjádi hann mér, að höfuðlagsfræðingurinn hefði þotzt þess vís verða, að hæfileikar Magnúsar þeir, er mest kveði að, væru síðbótmanns hæfileikar. Kom þetta, sem kunnugt er, vel heim við skóðanir Magnúsa sjálfs og þótti honum því mjög vænt um þann dómsúrskurð. Að Magnús væri og sérlega laghentur þóttist höfuðlagsfræðingur þessi geta séð á höndum hans. Áleit Magnús, að ekki heiði hann síður þar hitt hið rétta.

Þegar ég hugsa til Magnúsa Eiríkssonar minnist ég ávalt fyrst greiðvikni hans og nægjusemi. Greiðviknari mann en Magnús Eiríksson hefi ég aldrei þeit, og stóð það í nánasta sambandi við hinn mikla mannkærleika hans. Þegar skip komu frá Íslandi átti Magnús venjulega mjög annrikt, því að landar hans heima, og það jafnvel menn, sem voru honum persónulega ókunnugir, notuðu hann mjög sem umboðsmann sinn hér í Kaupmannahöfn. Og þegar menn komu frá Íslandi öllu og öllum ókunnugir, var mjög algengt, að þeir hefðu með sér meðmælabréf til Magnúsa, þar sem hann var beðinn að leiðbeina þeim í hinni ókunnu borg. En Magnús leit á það sem sjálfssagðan hlut að verða við öllum slíkum tilmælum landa sinna, hverjur sem þeir voru. Minnist ég þess hversu Magnús “frater” — eins og hann venjulega var kallaður af löndum sínum og enda fleirum, — hafði einhverju sinni verið beðinn um að liðsinna og leiðbeina konu einni íslenzkri, er var mættlaus í búðum fótum, og kom hingað til að leita sér heilsubótar. Ef ég man rétt hafði konu þessari verið útvegaður verustaður í Stóru Strandgötu einhversstaðar. Þangað átti Magnús að fylgja henni af skipsfjöld. Þetta erindi rak “frater” á rá leið, að fyrst ók haon með konuna til hússins, sem ferðinni var heitið til, tók hana síðan í fang sér og bar hana upp á efsta loft í húsinu. Fanst honum þetta ekki nema í alla staði sjálfssagður hlutur, er hann kom ofan aftur lafmóður, þar sem hann hefði verið beðinn fyrir konuna.

Hvílik var litilþægni Magnúsa og nægjusemi sást þegar á híbýlum hans, dálitlu kvistherbergi í Litla Strandstræti. Gluggakistuna notaði hann fyrir skrifpúlt, en bækur hans huldu að mestu alla veggi í herberginu. Á síðustu æfíárum Magnúsa stóð upp á ofninum brjóstmynd af honum, sem gert hafði norskur myndhöggvari (Skejbrok). Ef ég man cétt sýndi Magnús mér einhverju sinni í einni bókaskáphillunni handrita stranga, er hafði inni að halda

skýrslu um marga af draumum þeim, sem hann hafði dreymt á ýmsum tímum æfi sinnar. Meðal þessara draumna hans náunust ég enni tveggja, sem hann sagði mér sjálfur. Í öðrum þeirra þóttist hann staddur í Frúarkyrkju og hugðist sjá Krist á þögulli baen fyrir framan altaríð i kirkjanni. Magnús stóð þá enni á trúargrundvelli mótmælendakirkjuona. Í hinum draumnum sú hann aftor sömu sýn, en þá heyrði hann jafnframt rödd svo meðlandi: "Sá, sem gerir baen sína til guðs, getur ekki sjálfur verið guð".

Með þessum draumi hefst að nokkru leyti hin "unitariska" kristindómsstefna hans. Dótt sá, er þetta ritar, eigni draumum engan veginn þá fylðingu, sem Magnús eignaði þeim, verð ég þó að álita, að það væri mjög illa farid ef þetta draumahandrit hans hefði glatast, svo góðu ljósi sem draumar þess bregða upp yfir lyndiseinikun Magnúsar. En um afdrif þessa handrits er mér alls ókuunugt.

Efnahagur Magnúsar var alt af fremur bágborinn. Í því sambandi minn ist ég þess, að Magnús einhverju sion sótti mig heim þegar rétt var komið að miðdegisverði, svo að honum var boðið að taka sér snæðing með okkur. Undir bordum víkur Magnús sér alt í einu að okkur og segir: "...E, fyrirgefð mér, ef ég skyldi taka of braustlega til matarins, því að nú í viku hefi ég ekki bordað miðdagsverð". Þetta vard til þess, að vinir Magnúsar í Kaupmannahöfn sögðu hann velkominn að neyta matar hjá sér hve nær sem hanu vildi.

Á efri árum Magnúsar höfðu vinir hans skotið saman dálitili fjárupphæð honum til lífsoppeldis. En svo kunnugt var mönnum um örketi Magnúsar, að ekki þótti ráðlegt að setja honum í hendur nema smáupphæðir í einu; því að hann var manna víastur til að gefa það alt öðrum, sem hann áheit að hefðu þess fremur þörf en sjálfur hann. Sá sem hafði á hendi fjárbaldid fyrir Magnús var einn af beztu vinum hans, Andresen "beregner", sem og hafði verið aðalhvatamaðurinn að sanskotunum Magnúsi til handa.

Eins og kunnugt er hafði Magnús Eiríksson opinberlega átalid þunglaga framkomu Mynsters biskups gegn skirendum (baptistum), er biskup hafði viljáð lata þrýsta með valdi til að fara börn sín til skírnar, og farid hörðum ordum um stjórnina — sem þá var í höndum síðasta einvaldans Kristjáns VIII — fyrir það sinnuleysi að hafa ekki vikið biskupi frá embætti fyrir fessar sakir. Þetta vard til þess, að Magnús var kaerdur fyrir að hafa móðgað há tignina. En rétt á eftir andaðist Kristján VIII, og Fridrik VII. tók konungdóm eftir hann. Lét hann nú skömmu eftir ríkistöku sína ómis kaumál niður falla og meðal þeirra þessa kaeru á hendur Magnúsi "frater". Nokkrum síðar gekk Magnús fyrir konung, þakkaði honum fyrir velvild þá, sem hann hafði sýnt sér með því að lata þetta mál hans niður falla, en lét þess jafnframt

getið, að hann teldi það ekki neina náð, heldur réttlætisathöfn af konungs hálfu. Konungi stökk bros yfir einlægni Magnúsar, og svaraði, að það "skyldi ávalt vera sér gleði að iðka réttlæti". Þótti Magnúsi það konunglega mælt og létt vel yfir.

Begar Magnús var að vinna að riti sinu um Jóhannesar guðspjallid, tjáði hann mér erfiðleika sína á því, að koma ritinu á prent, þar sem að fjárhagur sín væri umjög slæmur. Sagði ég þá við Magnús, að hann hlyti ekki síður en svo margir vísindamenn aðrir að geta fengið einhveru styrk til útgáfunnar af almannaséf. Spurði ég hann meðal annars, hvort ekki væri neinn meðal ríkisþingmanna, sem ég gæti talad máli hans við og nefndi hann þá I. A. Hansen fólksþingmann, sem hann lekti lítilsháttar frá pólitiskum fundahöldum í "Hippodromet". Skömmu síðar átti ég tal við I. A. Hansen, er tók vel í málið og hét því studningi sínum. Meðal annars bauðst hann til að tala máli Magnúsar við D. G. Monrad biskup, sem þá var kenslu og kyrkjumálaráðgjali, og efndi hann það trúlega. Nokkru síðar átti Magnús sjálfur tal við ráðgjafa. Sagði Magnús honum, að sér hefði leikið talsverður efi á hvort tilhýdilegt væri að beidast af kyrkjuráðgjafa styrks til að koma á prent riti, þar sem hann atlaði að reyna að fára söntur á, að Jóhannesar guðspjall væri ranglega eignad Jóhannesi. Því svaraði Monrad á þá leið, að rannsóknir bibliunnar yrðu að vera frjálsar og að hann álti visindamann eins og Magnús styrks maklegan. Magnús fókk þá líka hinum umbeðna styrk til útgáfunnar, að því er mig minnir 500 dalir það fjárhagstímabil. Í viðtali sínu við ráðgjafa hafði Magnús sagst vona að ritid miudi geta komið út áður en ár væri liðid. — Þess vegna var Magnús ófáanlegur til að beidast fram lengingar á styrknum, er útkoma ritsins dróst fram á næsta ár. Sýnir það með örðu hugsunarhátt Magnúsar.

[Árið 1871] var haldinn [hinn 4. norraen] kyrkjufundur í Khöfn. Voru þar saman komnir prestar af öllum Nordurlöndum. Á fundi þessum vildi Magnús sá að taka til máls, því að honum þótti þar ómaklega veizt að þorri guðfræðissiefnu, sem hann fylgdi. En honum var synjað málfrælsis, að því er mig minnir af Grundtvig, sem þá var forseti fundarins. Kraup þá Magnús á kné í salnum og ákallaði Guð sér til liðveizlu, til þess að leida kyrkjuna út úr þeim villum, sem sér hefði verið heilagt áhugamál að andinæla, og gekk síðan af fundi. Vakti þessi framkoma Magnúsar á fundinum hina mestu eftirtekt. Degi síðar heimsótti einn fundarmanna Magnús; var það norskur prestur. Sagði hann Magnúsi, að þótt hann stæði sjálfur fyllilega á kyrkjunnar grundvelli, gæti hann ekki annað en vottat honum fylstu viðurkenningu sína og samúð fyrir þann eld og innileika, er komið hefði fram í þær

Magnúsar þar sem hann hefði grátbænt guð um að styðja til sigurs triðarstefnu sína, og þótti Magnúsi vænt um það.

Rit Magnúsar um Jóhannesar guðspjall átti litlum vinseldum að fagna. Þó voru þeir nokkrir, er létu í ljós gleði sína yfir því riti og þókkuðu Magnúsi fyrir það. Meðal þeirra var prestur einn í Stokkhólmi, Ekdahl að nafni. Í bréfi til Magnúsar gat hann þess, hvilik ánægja sér hefði verið að lesa bók hans um Jóhannesar guðspjall, og fengi hann ekki betur sér en að röksemdir þar, sem þar væru bornar frami, væru jafn óyggjandi og hirar rúmfraðilegu röksemdir Eukliðs. Gat hann þess enn fremur, að hann hefði sjálfur í smíðum rit eitt guðfræðilegs efnis. Óskadi hann mikillega aðstöðar Magnúsar til að ljúka við það og mæltist til að Magnús gerði sér þú ánægju að heimsekja sig. En Magnús atti illa heimangengt svo félaus sem hann var. Nokkrir af vinum Magnúsar komust að þessu. Skotu þeir saman fó nokkru í farareyri handa honum, til þess að hann græti tekist þessa ferd á hendur, — einn langferðina, sem Magnús mun hafa farið öll árin frá því er hann kom ungt student frá Íslandi. Meðal annars var Magnúsi fenginn nýr fatnaður til Stokkhólmssfararinnar, en það atládi ekki að ganga greitt að fá Magnús til að klaðast hinum nýja fatnaði. Honum þótti fótin alt of fin handa sér. "Head atli menn þó segi, er þeir sjá mig í slíkum skrautklað um?" mælti hann, en létt þó undan um sídir. Og þessarar dvalar sinnar í Stokkhólmi miuntist Magnús jafnan upp frá því með hinni mestu ánægju og það því fremur sem triðarstefna hans hafði átt miklu meiri vinseldum að fagna í Svíþjóð en í Danmörku.

Annars var Magnúsi þvert um ged, að vinir hans hefðu mikil við hann. Þannig minnist ég þess, þótt litil sé, einhverju sinni er Magnús heimsótti mig í Slagelse (ég var þú orðinn forstjóri gagnfræðaskólaus þar í baenum), hversu hann rak í rogastans, er ég ferdí honnm sjálfur morgundrykk hans í rúmid. Þetta fanst honum keyra úr hófi fram og mælti: "Friðrik minn góður! Þetta ner engri átt, þið gerid úr mér dekurdrós að lokum! Slik smáatvik — og þau voru mörg þessu lik — lýsa manninum. Hér matti, mutatis mutandis, segja með Jóhannesi Húss: "O sancta simplicitas!" (Þ. e. Ó, þú heilaga einfelðni!)

Hin rökfræðislega nákvænni Magnúsar, er hann gerði grein kristindóms-skodunar sinnar, var oft þrunin af eldlegu sannferingarmagni, baði þú er hann vardi sínar eigin skodanir og þó einkum þú er hann rædist á skodanir andstaðinga sinna meðal guðfrædinganna. Því að Magnús var í rauninni geðrikur maður. En hins vegar átti þó jafnframt barnslegt bliðlyndi heimavísalu hans. Kom það einkum í ljós þú er Magnús, sem að edlisfari var mjög,

söngelskur maður, annaðhvort söng eða lékk á nölu. Minnist ég þess sérstak lega hvernig hann söng sanska kvaðið: "I rosens doft, i blomsterlindens gömma", sem Gustaf Sväprins (sonur Óskars I.) á að hafa ort, baði texta og lag, til norskrar prestsdóttur, sem hann unni hugastum, en fókk ekki að eiga, súkir sem hirðsidir voru þá við sansku konungshitðina. Hvort innileiti sá, er kom fram hjá Magnúsi, er hann söng sérstaklega þetta kvaði hafi átt rót sína að rekja til sárra endurminninga um svipuð vonbrigði í lífi sjálfs hans (eins og sumir héldu), -- um það fókk ég aldrei spurt Magnús og skal því ekki heldur stádhæfa neitt um það efni.

Einhvern tíma, þá er konan míni elskuleg, Konstance, hafði lesið hið litla rit Magnúsar "Um bænina", sagði hún við hann, að hann hlytt að vera búinn bæfileikum til að rita uppbyggilegar hugleidningar, og hvatti hann jafnframt til þess að helga þess hættar ritstörfum krafta sína eftirleidis, en gera minna að hinu deilu:itumum. Þessu svaraði Magnús her um bil á þá leið, að til þess langaði sig líka um frami alt, en til þess að geta bygt upp, yrði ávalt fyrst að rífa niður, til þess að fú trygga undirstöðu. Þessu gat mí konan míni ekki samsint, því að hún áleit, að ávalt væri neg undirstaða að byggja á.

Begar Magnús lá banaleguna úti á Fridriks spítala, heimsótti ég hann tvívegis. Fyrra skiftið sem ég kom til hans var hann býsna þungt haldinn; bjóst hann þá við því sjálfur, að hann atti skamt eftir og létt sér þá til hugsun vel líka. Ég sé hann enn í huga mér, þar sem hann sat upp við koddann og veifaði hendinni til míni að skilnaði, er ég gekk út úr sjúkrastofunni. Begar ég kom til hans síðara skiftið lá hann í einhverju móki líkast því sem hann svæfi. Hljókrunarkonan, sem stundaði hann, íslenzk kona, sagði mér, að búist væri við dœuda hans á hverri stundu, enda dó hann þá um daginn [3. júlí 1881]. Á bordinu við rúmið hans lá bók eftir stefnubróður hans hinn sæaska, skáldið Victor Rydberg, "Om de yttersta tinget".

— Eftir Ódinn, í maí 1912.



Kveðið við nábeð  
**MAGNÚSAR EIRÍKSSONAR,**  
 er ég leit hann nýskilinn við 3. júlí 1881.

---

Nú er augað blíða brostið  
 barns er lýsti hreinni sál,  
 nú er hins unga undir hærum  
 auga, slokknað skýrleiksbál.

Fær ei tungan talað framar  
 trúar sannleik, kærleiks mál;  
 fær ei huggað hlýjum orðum  
 hrelda vina þinna, sál.

Hjartað góða, er hætt að bærast,  
 hjartað varma, er kalt og dautt,  
 hjartað sterka, af Helju bundið,  
 hjartað ríka, er kærleiks snautt.

Er alla menn, sem börn og bræður,  
 blítt og viðkvæmt elska réð,  
 og álla sína æfidaga  
 aumann gat ei nokkurn séð.

Sem aldrei vildi um æfidaga  
 annað, en satt og rétt og gott.  
 Og alstaðar sá, í öllu sköptu,  
 alheims-föðurs gæzku vott.

Hjálparfúsa höndin stirðnuð,  
 höndin sem að jafnan gaf  
 hjálparþurfum, helming allan,  
 þótt, hefði oft litlu, að miðla af.

Dauðafölt, með friðarbrosi,  
frítt og bjart er andlit þitt.  
Sálin þín, er sveif á brautu,  
setti á það merki sitt.

Ríkur er dauðinn! Drottinn ræður!  
Deyr það flest, sem oss er kært.  
Blóm á hausti bliknar jafnan.  
Bróðir sof þú, sof þú vært!

BERTEL E. O. ÞORLEIFSSON.

.. . . .

Kvæði þetta, er hér fer á undan, virtist eiga vel við að fylgdi hinni ágætu grein, próf. Jóns Helgasonar í Reykjavík, um Magnús Eiríksson, guðfræðing, og prentuð er hér að framan. Kvæðið er eftir Bertel heitinn Þorleifsson og tekið eftir handriti hans, er vér fengum að afrita, og nú er í eign fróken Sigríðar Helgason í Reykjavík, fyrverandi hússtjórnarkonu Friðriks-spítala í Kaupmannahöfn.

Magnús ól mestan aldur sinn í Khöfn og var afar vinsæll meðal landa sinna, þeirra er honum kyntust, jafnt yngri sem eldri. Strax frá skóla árum hneigðust skoðanir hans að stefnu Únítariskrar trúar, sá hann sér því aldrei fært að takast á hendur prests þjónustu í ríkiskyrkjunní á Íslandi, þrátt fyrir beiðni vina og annara yfir manna kyrkjunnar. Samvirkusemi hans var frá bær, enda jafnan hreinskilni hans og trúmensku viðbrugðið.

Um hann segir Jón Borgfirðingur í "Rithöfundatali á Íslandi". "Hann var læður guðfræðingur, en hafði aðra skoðun á Kristsfræðinni, en alment er í lúthersku kyrkjunni. Lenti hann í deili við Martensen Sjálands biskup. Reit hann ýms varnarrit fyrir skoðun sinni en öll á danskri tungu að, fáeinum undanskildum".

Pessi "undanskildu" voru: "Jóhannesar guðspjall og lærdómur kyrkjunnar um guð", er kom út í Khöfn 1868 og "Nokkrar athugasemdir um sannanir kathólsku prestanna í

Rvík;" er út kom sama ár. Höfuð rit hans, sem bæði er hið fyrsta, meðal Íslendinga, í átt biblú rannsókna og til útskýringar kenningu Únítarisku kyrkjunnar um guðdóminn, eru skrifud á dönsku "Er Johannes Evangeliet et Apostolisk og ægte Evangelium?" og "Paulus og Christus". Hið fyrra kom út 1863 en hið síðara 1871.

Um deilur þær, sem Magnús lenti í vegna skoðana sinna, er lauslega getið í bréfum Jóns Sigurðssonar forseta, er var honum gagnkunnugur og samverkamaður hans við "Ný félagsrit", því Magnús var einu hinna tólf stofnenda Nýrra Fjelagsrita.

Í bréfi til Páls Melsteds, sept. 22, 1842 segir Jón, "Magnús Eiríksson var hálfvegis að losa að skrifa (í Félagsritin) recension yfir bíblíuna íslenzku, en hann hefir nóg að gera með að skrifa móti heimspekingum og öllum trúarinnar móttöðumönnunum núna sem stendur". — Tveim árum síðar í bréfi til Melsteds segir hann: "Magnús bróðir okkar Eiríksson er að berjast fyrir guðs kristni, en það eru aumir hundar þeir porthundar kristninnar í Danmörku, því þeir hvorki geyja né gelta svo sem Magnús hefir rotað þá. Ég vona þú leggir þér til bók Magnúsar, einkum ef þú fer að verða klerkur. Hann er nú farinn að byrja á nýrri bók kallinn og ætlar nú víst að hella logandi biki og brennisteini yfir prestana, ef hann hefir ekki gjört það nægilega fyrri. Sumum þykir hann annars ágætur, sumum of margorður".

Í bréfi til Gísla læknis Hjálmarsonar 1844 segir Jón, "Magnús Eiríksson er seztur við aftur og farinn að klóra sig upp eftir þakinu á heilagri kyrkju, eins og þú manst hann dreymdi einu sinni. Bókin hans hefir áunnið marga, svona til þess að gjöra, einkum meðal leikmanna, en heimspekingarnir láta minna yfir henni að ég held. Í tímariti á Fjóni hefir hann tengið recension eftir Helvig nokkurn, sem skammar hann óhæfilega. Eitthvað hefir verið tekið úr bók Magnúsar í þýskt Missionsblað".

Magnús varð rúmt hálf átræður, fæddur 22. júní 1806 en dó á Friðriks spítala 3. júli 1881. Hann lærði við Bessastaðaskóla og útskrifaðist frá Khæfnar háskóla 1837. Hann var fá-

tækur alla æfi, því hann var ávalt gjöfull um efni fram, og lýsir þetta kvæði Bertels dagfari hans og lundarlagi ágætlega. Ljúfari og betri mann hefir tæplega verið að finna í hópi Íslendinga um öldina sem leið.

R. P.

## Skylda frjálslyndra manna gagnvart röngum trúarbrögðum.

Eftir AUSTIN BIERBOWER.

(Lauslega þýtt).

Hver maður hefir rétt til að hafa hvaða skoðun, sem hann vill hafa, hversu röng sem hún er, og rétt til að játa hvaða trú sem hann vill, hversu heimskuleg sem hún er; en rétturinn til að vera heimskingi veitir engum rétt til undanþágu frá því að vera kallaður heimskingi. Hann leggur engum neina skyldu á herðar með að virða heimskuna. Vér höfum rétt til að kalla heimskingjana sínu rétta nafni, eins og vér höfum rétt til að vera heimskingjar sjálfir. Frelsi til að gera eitthvað tekur ekki burtu möguleikana til að leggja dóm á það sem er gert. Þó maður megi gera eins og manni sýnist, mega allir aðrir segja hvað sem þeim sýnist um það. Enginn er skyldugur til að láta aðra í friði með heimsku sína. Hver maður er frjáls að því, að hafa sitt álit á öðrum. Álitið getur verið ilt, eins og það getur verið gott, og ilt álit má láta koma í ljós rétt eins og gott álit. Það er skoðun sumra, að þar sem allir megi hugsa eins og þeim gott þykir, þá megum vér ekki hafa neitt á móti því sem þeir hugsa. Þessir menn vilja banna þeim, sem áreita heimskingjana, að tala, en ekki heimskingjunum sjálfum.

Þó einn hafi rétt til að vera heimskingi, leiðir ekki af því, að það sé rangt af öðrum að vera vitur. Vér þurfum ekki að

hika við að láta skoðanir vorar í ljós, vegna þess að þær hneyksla aðra; en aðrir ættu að læra að geta heyrт óvinveittar skoðanir án þess að þær hneyksli þá. Vér ættum að segja það sem vér höldum að sé satt, hvern sem það særir. Heimskan hefir enga vörn gegn aðfinslum. Heiminum fer aldrei fram, ef ekki má benda á galla hans. Það ætti ekki að vera álitid rangt að reyna að gera menn vitra. Það er skylda manns að hafa rétta skoðun, eins og það er skylda að hafa einhverja skoðun. Að leiðréttu menn er ekki rangt.

Það er sitt hvað að þola villurnar og að bera virðingu fyrir þeim. Afstaða vor gagnvart þeim ætti ávalt að vera óvinátta; og þó vér látum fólk hugsa eins og það vill, þá ættum vér ekki að hafna rétti vorum til að færa rök mótt skoðunum. Þó fólk hafi rétt til að hafa rangar skoðanir, þá höfum vér rétt til að sýna fram á að þær séu rangar.

Það er enginn velgerningur að hlífa röngum skoðunum, hverjir sem hafa þær. Þó það sýnist smásmuglegt gagnvart stórum trú- eða stjórnmála-flokkum, að ráðast á skoðanir þeirra, hefir enginn rétt til að hafa skoðanir, sem ekki má ráðast á. Rangar skoðanir geta ekki fengið neina friðhelgi í skjóli stórra flokka. Það er hægara að ráðast á þær hjá stórum flokk en hjá einstaklingnum. Villurnar eru ekki heilagar, né heldur þeir, sem gera sig seka í þeimi.

Virðing fyrir skoðunum annara ber ekki vott um hik eða efa á manns eigin hlið. Og ekki er hún heldur vottur þess, að vér álítum skoðanir annara sannar. Vér eigum að bera virðingu fyrir mönnum, sem hafa rangar skoðanir, en vér eigum að bera virðingu fyrir þeim sem mönnum, sem hafa rangar skoðanir. Að ráðast á það sem er rangt, er ekki hið sama og að ráðast á þá sem halda því fram.

Það er ekki illa gert að gera árásir á rangar skoðanir. Að hreyfa við skoðunum manna er engin óvinátta í þeirra garð. Hversu góðir sem þeir eru, sem hafa rangar skoðanir, þá ættum vér að vera andstæðir því, sem þeim er ekki til góðs. Það verður skilið frá þeim sjálfum. Skoðanir manna er ekki hið sama og framferði þeirra; og enginn ætti að gera gott framferði að skýlu til að hylja með það sem er rangt.

## Ársskýrsla Ameriska Únitaratélagsins.

Ameriska Únitarafélagið hefir nýlega gefið út skýrslu sína yfir árið frá 1. maí 1911 til 30. apríl 1912. Skýrslan sýnir, að Únitarakyrkjjan í Bandaríkjunum hefir í heild sinni tekið miklum framförum á því ári; og að tækifærin fyrir meiri vöxt og útbreiðslu eru meiri en þau hafa nokkru sinni áður verið. Ritarafélagsins, Rev. Lewis G. Wilson farast þannig orð í skýrslu sinni: — “Starfsviðið er næstum takmarkalaust í öllum áttum. Í allri sögn únitarismans finst ekkert tímabil, er fleiri kröfur fyrir únitariskar kyrkjur hafi verið gerðar en einmitt nú. Þeg skal ekki reyndast að láta í ljós hugmynd minna um, hvað margar nýjar kyrkjur mætti stofna á næstu tíu árum, ef við hefðum alt sem til þess þarf. Þið gætuð haldið, að það væri ekkert nema orðaglamur—“

Tíu nýir söfnuðir hafa verið stofnaðir á árinu undir umsjón félagsins, og þrír söfnuðir, sem ekki höfðu verið starfandi um tíma voru reistir við. Auk þess hefir verið prédikað á ýmsum stöðum, þar sem söfnuðir eru ekki enn myndaðir, bæði af “field agents” félagsins og prestum, sem eru í þjónustu fastra safnaða. Af hinum nýju söfnuðum eru tveir í fylkinu Saskatchewan í Kanada, í Edmonton og Moose Jaw. Meðal útlendinga í Ameríku hefir félagið stutt söfnuði og útbreiðslustarfsemi hjá Norðmönnum, Dönum, Svíum, Finnum, Hollendingum, Ítolum, Japanum og Íslendingum.

Tuttugu og fimm nöfn hafa bæzt við á nafnaskrá presta félagsins á árinu. Át þeim kom einn frá “Ethical Culture” félaginu, einn úr kaþólsku kyrkjunni og einn úr baptista kyrkjunni; tveir úr kongregasional kyrkjunni; tveir úr endurbættu (reformed) kyrkjunni, og tveir úr öðrum sunærri kyrkjulokkum; þrír úr biskupakyrkjunnis; þrír úr Úniversalista kyrkjunni, og tíu voru Únítarar áður.

Félagið hefir stutt únitariskt trúboð, bæði með fjárfestilög-

um og annari hjálp í þessum löndum: Japan, Indlandi, Ítalíu, Ungverjalandi, Þýzkalandi og Danmörku.

Það gaf út og útbýtti gefins 35,000 bæklingum; gaf út tíu nýjar bækur; hjálpaði yfir sjötíu söfnuðum í Ameríku til að mæta útgjöldum sínum; lánaði \$26,700 til kyrkjubygginga og sendi menn í fyrllestraferðir.

Einn af embættismönnum félagsins ferðaðist um Norður-álfuna, Egyptaland og Gyðingaland, til að kynna sér nýjar trúarhreyfingar í frjálslyndisáttina og undirbúa næsta alþjóðaþing Únítara og annara frjálstrúarmanna, sem haldið verður í París í júlí 1913.

Tekjur félagsins voru nærti því fjögur hundruð þúsund-dóllrarar. Nokkur hluti þeirra voru gjafasjóðir, sem að eins má eyða rentunum af, til sérstakra þarfa. Tekjurnar samanstanda af rentum af gjafasjóðum, tillögum frá söfnuðum, sem eru sjálfbjarga og gjöfum frá einstaklingum.

Það sem hér er upp talið er að eins ágrip af starfsemi félagsins á síðastliðnu ári. Náttúrlega skýrir skýrslan ekkert frá starfsemi safnaða heima fyrir, né heldur frá starfsemi hinna ýmsu smærri safnaðafélaga, sem eru starfandi innan vébanda þess.

## Úr ýmsum áttum.

Presti einum í Dortmund á Þýzkalandi, Gottlieb Traub að nafni, hefir verið vikið frá embætti nýlega. Afsetning hans hefir vakið megnustu óánægju meðal frjálslyndari manna innan þýzkrískirkjunnar, og annara utan hennar. Tranb prestur er einn hinna frjálslyndusta presta á Þýzkalandi, og hefir lengi verið í í ónáð hjá kyrkju-yfirlögunum. Hann hélt uppi vörn fyrir Jatho prest í Köln, sem í fyrra var settur frá embætti vegna villutrúar. En sökum vinsælda hans var hann ekki kærður fyrir.

það flytja rangar kennigar, þó það undir niðri sé aðalsökin, heldur fyrir óklýðni við yfirboðara sína, sem höfðu ámint hann um að halda sér betur við kennigar og síði hinnar orþodoxu ríkiskyrkju. Fjölða margir hafa mótmælt hegningu þeirri sem honum hefir verið úthlutuð af æðsta dómstóli kyrkjunnar í Berlín, sem er embættis og eftirlauna missir, og segja, að margir aðrir prestar, sem látnir hafa verið hlutlausir, séu í sömu sökinni og hann. Meðal þeirra, sem komið hafa fram honum til varnar, er hinn nafnkendi prófessor Harnack í Berlín. Það er haldið að afsetning Traubs prests verði spor í áttina til þess, að allir frjálslyndir menn í þýzku ríkiskyrkjunni sameini sig betur og myndi einhvers konar félagsskap til stuðnings skoðunum sínum. Ef svo færi, þá mundi það óhjákvæmilega með öðru leiða til aðskilnaðar ríkis og kyrkju og stofnunar frjálslyndrar kyrkju á Þýzkalandi. Það er skoðun margra, sem vel eru kunnugir málavöxtum, að fyr verði frjálslyndu hreyfingunni lítið ágengt þar. Margir, sem eru orþodox lúterskri trú móthverfir, bera lítið traust til þeirra presta, sem kunnugt er að eru frjálslyndir, en samt vilja standa í ríkiskyrkjunni.

**Samkvænit síðasta manntali, sem tekið var á Þýzkalandi, var tala kyrkjuflokkanna þar í landi fyrsta desember 1910 sem hér segir:**

Af 64.925.933, sem er tala íbúanna, voru 39.991.411 mótmælendur, 23.821.453 kaþólskir, 283.946 tilheyrandi öðrum kristnum trúflokkum, 615.021 Gyðingar, 2.114 fylgjendur annara en kristinna trúarbragða, 205.900 sem kváðust hafa aðrar trúarskoðanir og 6.138 sem kváðust ekki hafa neina trú. Tala Gyðinga fer smáminkandi. Smærri mótmælenda kyrkjum verður lítið ágengt þrátt fyrir öflugar trúboðstilraunir. Áhangendum kaþólsku kyrkjunnar fjölgar, en það stasfar eingöngu af innflutningi fólks frá öðrum löndum og því, að kaþólskar fjólskyldur eru til jafnaðar stærri en fjólskyldur mótmælenda. Nálægt tíu þúsund kaþólskra manna er sagt að taki mótmælenda trú árlega, en að eins um eitt þúsund mótmælendur kaþólska trú. Yfirleitt

er aðalsfólkioð, stóreignamenn og bændalyðurinn sylgjendur hinnar ortodoxu ríkiskyrkjuna, en bæjalýðurinn og mentamennirnir hneigjast að frjálsari stefnu.

Niðrið á Balkanskaganum verður esalaust einn af helstu viðbænum þessa árs, hverjar sem aflæsingar þess kunna að veiða fyrir þjóðir þær sem taka þátt í því. Allar nágranna þjóðir Tyrkja hafa sameinað sig gegn þeim vegna hinnar langvinnu óstjórnar og ofsóknar, frá hendi Tyrkja, sem kristnir menn innan takmarka tyrkneska ríkisins hafa átt við að búa. Tyrkir réðu áður fyr yfir öllum þeim löndum, sem nú berjast á móti þeim, en þau brutust undan oki þeirra á síðastliðinni öld. Fyrst náði Gríkkland sjálfstæði sínu snemma á öldinni, með hjálþ ýmsra vina, þar á meðal Byrons lávardar, skáldsins fræga; og síðar eftir langvinnan ófrið milli Rússoa og Tyrkja urðu smárikin norður á Balkanskaganum sjálfstæð. Með samningum, sem gerður var í Berlin 1878 var grundvöllurinn lagður til hinna náverandi skiftingar. England hefir jafnan verið Tyrklandi vinveitt, sem stafar af því að það óttast að Rússar fái greiðan aðgang að Mið-jarðahafinu, ef veldi Tyrkja í Evrópu líður undir lok. Þess vegna hefir "veikamanninum austur frá", eins og Tyrkland er nefnt verið haldið við, og öðrum þjóðum ekki leyft að gerast of nærgöngnlar við hann. Tyrkir hafa um langan tíma verið sjálfrí aftursför, og hefðu fyrir löngu orðið að sæta afarkostum, ef stórveldin í Norðurálfunni hefðu getað komið sér saman um skiftigu landareignar þeirra.

Fá glæpamál hafa vakið eins mikla eftirtekt um öll Bandaríkin og viðar og Becker málid í New York. Becker var yfirmáður í lögregluliði New York borgar og haði með höndum eftirlit með spilahúsum og féglæframönnum. Hann var sakadur um að hafa notað stöðn sína til að hræða peninga út úr eigendum spilahúsa með því að hóta þeim lögsókn, ef þeir ekki greiddu sér stórar fjárrupphædir. Pegar einn af spilahúsaeigendum, Rosenthal að naðni, fór að kvarta undan þessum fjárútlátum var hann skotinn af nokkrum mönnum, sem síðar náðust

og báru fyrir réttinum, að Becker hefði fengið þá til að myrða Rosenthal. Kviðdómurinn fann Becker sekan um morð. Máli hans var áfrýjað til yfirréttar ríkisins. Það sem mestri eftirtekt hefir sætt á þessu máli er, að einhver bluti lögreglunnar hafði gengið í eins konar bandalag með bófum og svikurum og tók af þeim fé sem endurgjald fyrir að láta þá í friði. Becker neitaði harðlega við öll réttarprófin að hann væri sekur um morð Rosenthals.

Hreyfimyndaleikhús er sagt að hafi spilt stórlægum fyrir áfengissölu í borginni Washington í Bandaríkjum á síðustu árum. Umsóknir um vínsluleyfi hafa verið miklu færri í ár en í fyrra. Leikhús þessi, sem veita almenningi mjög ódýra skemtun hafa dregið mesta fjölda frá knæpunum. Margir hafa horn í síðu hreyfimyndaleikhúsanna vegna þess að þau sýni myndir, er hafi ill áhrif á síðferði og dragi til sín unglings frá alvarlegrum störfum og námi. En ef það er satt að þau dragi menn frá vínsluhúsum, þá sannarlega bæta þau upp að nokkru leyti það illa, sem þau kunna að hafa í för með sér.

## Íslenzkir höfuðlöerdómar.

Svo nefnist bæklingur, sem hr. Dorsteinn Björnsson guðfræðiskandidat hefir samið og látið gefa út. Bæklingur þessi er lýsing á heim þremur adaltrúarstefnum, sem nú eru uppi meðal Vestur-Íslendinga, Lútherstrúnna, Únitaratrúnni og Nýju guðfræðinni. Er intaki hverrar þessarar stefnu lýst út af fyrir sig, og þær að nokkru leyti bornar saman.

Lýsing höf. á Lútherstrúnni er yfirleitt vingjarnleg. En eú Lútherstrú, sem hann lýsir er frá seytjándu öld. Hún er langt frá því að vera trú flestra, sem nefna sig lútherstrúarmenn nú. Ummæli hans um Únitaratrúna eru rétt í flestum atriðum og blátt áfram, en auðvitað alveg ónóg til að gefa fulla hugmynd um hina únitariska hreyfingu. Dálitið villandi er það sem hann segir

um guðshugmynd Únítara á bls. 44, að sumir Únítarar adhyllið efniskenningu (materialismus). Sú kenning er vanalega álitin veitun á guðstrú og útlokar í raun og veru Únítaratrú. Geta má þess, að Servetus var spánskur en ekki frakkneskur og Franz David ungverskur en ekki ítalaskur. Nefna hefði mætt bíblíuraónsóknir í sambandi við Únítaratrúna, því bæði hafa þær átt þátt í myndun Únítaratrúarinnar og Únítarar sjálfsir stadið framarlega í bíblíuraónsóknum. Höf. er ekki saungjarn í gard Nýju guðfræðinnar. Hún er ekki tilraun að umumynda kristnu trúna í Únítaratrú, eins og höf, segir, heldur er hún tilraun til að fella ýmsar kenningar úr kristnu trúnni, sem úr eltar eru orðnar. Það er rétt hjá höf, að Nýja guðfræðin er millibilsstefna og að í henni finnast mótsagnir og hálflugsadar ályktanir. Að svo miklu teyti sem hún er rýmkun í skoðunum, hlýtur hún að stefna í áttina til Únítaratrúar.

Yfirleitt má segja að höf. geti greinilegar lýsingar af þessum premur stefnum, þó þer séu stuttar og ónógar. En hálft blutdragar eru lýsingar hans bæði á Lútherstrúnni og Nýju guðfræðinni.

Áður en bæklingurinn var prentaður sýndi höf. þeim sem þetta skrifar handritið og tók til greina tvær eða þjár smá athugasemdir við Úrásarakáflann, en athugasemdir við hina kaftana kvæðst hann ekki taka til greina frá honum. Sá sem þetta skrifar átti engan þátt í samningi kversins, þó það sé jafnvel gefið í skyn í formála þess.

Sem festrir attu að lesa bæklinginn; hann er fróðlegur og vel ritáður. Frágangur á honum er góður, þó meinlegar prentvillur á stöku stað.

## Bæjarferð.

Eftir M. SKEIBROK.

Niels Mikkel hafði fengið bréf frá Salvesen kaupmanni í Mandal þess efnis, að honum yrði stefnt fyrir sýslumann, ef hann ekki borgaði skuldir sínar fyrir Jónsmessu. Niels sór og súrt við lagði, að hann skyldi ekki til sýslumannsins fara þó hann þyrfti að taka stjörnurnar niður af himminum. "Sýslumennirnir hafa flegið af mér skinnið niu sinnum á lífsleiðinni, en ég vona að það fari svo margir þeirra í brennisteinsdýkið mikla að fæturnir standi út úr", sagði hann.

Eftir þessa kristilegu ósk skirpti hann í lófana og fór að smíða heilmikið af oldbjörgunarstigunum og þakrennum — Hann varð að hafa eitthvað til að koma í peninga. — Með þetta ætlaði hann til Mandal á Jónsmessukvöldið, til

hess að stinga upp í Salvesen. Aldrei meðan hann lifði skyldi haun taka lán hjá honum aftur! Nei, fyr en hann fengi einu niunda hluta úr þumlungi af tóbaki hjá honum skyldi hann tyggja nagla. Svo hköð hann á vagninn 22. júní og lagði af stæð þann 23. í býti: og þegar hann kom að Hóli þá labbaði hann heim og tankaði á gluggann hjá honum Þórólf vini sínum.

“Þú ert snemma á ferðinni” sagði Þórólfur.

“Já, ég verð að fara til þeirarins í dag, annars verður mér stefnt fyrir sýslumann”.

“Hver skollinn!”

“Komdu og vertu með, svp það sě dálítid f'lagslegt”, sagði Niels Mikkell.

“Ég hefi ekkert erindi”.

“Þá geturðu gert þér eitthvað til erindis”.

“Það er nú satt. Ég þarf að kaupa lím fyrir fjóra aura, en þú getur keypt það fyrir mig”.

“Nei, ég gleymi alt að að afluða svoleiðis erindum. Spýttu í vestur og nuggaðu þig vinstra megin á nefinu, þar er svartur blettur svo ertu all right”.

Þórólfur komi með, og svo skrölту þeir niður eftir veginum.

Þegar þeir voru komnir svo langt að þeir sáu fyrsta stratið í Mandal, sem er mjótt eins og prjónastokkur, þa sagði Niels Mikkell: “Nei, nú held ég bara að ég sjái ofsjónir! Ef þetta er jó ekki mágur minn, hann Markús í Hlíð og Tómas á Instuhellu, sem koma þarna akandi, þá máttu kalla mig eian af smærri spámönnunum.

Þeir hafa poka og brúsa í kerrunni”.

“Já, reyndar, þeir hafa brúsa”.

“Góðan daginn og þökk fyrir síðast”.

“Sjálfþakkað! Við eruð ekki í neinum óskapa flýti. Við höfum nokkuð bragðgott á brúsanum”.

Þeir settu sig niður við veginn. Karlarnir leituðu að tappanum í brúsanum og klárarnir hvar þeir gætu nagað gat á rúgpokann, og hvorirtveggju fundu það sem þeir leituðu að.

Eftir nokkra stund sagði Niels Mikkell: “Það er alveg óforskammað hvernig þetta stíglar til höfuðsins. Eru hestarnir ekki sjórir? Jú, ef þeir eru ekki fimm, þá geturðu kallað mig Sakarías. Nei, en hvað það er gott að liggja hér”.

“Hugsaðu um sýslumanninn. Við megum til með að halda áfram”.

“Pú segir satt”.

Og svo héldu þeir áfram niður eftir veginum og sungu svo ljómandi fallega. Svo lögðust þeir endilangir ofan á vagnhlassið og gáfu hestunum lausun taumino, þar til Þórólfur sagði alt i einu: “Hefirðu tromp? Það sem lagt er verður að liggja! Hér sitjum við fastir”.

“Já, ég var að hugsa um það alla leiðina, að við mundum komast í hans krappann með svona stórt vagnhlass”, sagði Niels Mikkell. “Það er eins og fjandinn sjálfur sitji í hverri veggjarsprungu í þessum götum. Í kommóðuskúffunni minni hefði bæði hestur, eldstigar, þakrennur, hundur og köttur getað dansað ræl. Hérra, þetta er eins og hnappagat, sem við höfum komið í — regluleg mísagilda, og það er sá gamli sjálfur sem hefir sett klernar í stigana”.

"Við verðum að reyna að komast út aftur og losna hédan. Spáttu í löf-aná. Ho, ho! Viltu halda áfram?"

"Nei, við sitjum fastir, jú, reyndar. Nú veit ég nokkuð sem ég hefi séð í draumum og sýnum, og nú spái ég. Við tókum bestana frá framnidanum á vagninum og setjum þú við asturendann, og svo geta þeir dregið hann út sömu leid og þeir komu inn".

"Þú erst viter og kárdur eins og Sirak og Salomon, fláttu þér þú ridur bara hringinn í kringum húsaröðina þangað til þú kemur að asturendarum á vagninum, en ég verð hérna og grá að klássinu á meðan.

Vertu sækli vinur  
valtur á fótum,  
nú við skilja hljótuum",

söng hann.

"Hvar í óskópunum er Þórólfur? Hann er lengi í burtu. Fuglarnir byggja hreiddar í stigunum áður en hann kemur með merina. Ég held ég hafi sofnad. Hraða, jafna góð hanið, það er Þórólfur einhverstaðar úti í vidri veröld".

"Ó, Jeremiasar harmagrátrúrinu finn, þú ert! Það hefir vaxið mosi á milli vagnhjóla og jarðarinnar síðan þú fórst, og ég held að það séu köngulóð veitir á milli spelanna. Hvar hefir þú verið?"

"Æ, ég keypti nú fyrst lím fyrir sjóra aura, og svo keypti ég, nei, ég fann manni. Jú, við skrappum inn og fengum okkur í stamp nú og sungum dálítid um ófærum ófærum, jír ekki ófæruðu ófærum. Í burtu í loftinu á meðan".

"Já, ekki er gáwan að guðspjöllunum. Hér aftan á vagninum er ekkert til að festa hestana við; það ættum við ná að hafa séð áður. Þetta ei ógúd lega stórt kláss, það er lengra en Möllers búspostilla. Við verðum að geru Salvesen boð og hann verður að taka það upp í skuldina. Hann getur tekid það þar sem það er, það stendur hér á streetinu".

"Þú ert séður eins og prestur. Fláttu þér til Salvesen", sagði Niels Mikkel, en ef að verð stigana hrokkur ekki til, þá vil ég fá búlan annan kringlóttan dal til að kaupa ýmislegt fyrir. Ég verðað fá mér hverfistein og skeffu af salti".

"Já, það er gott að koma á hestbak, þú þarf maður ekki að ganga", sagði Þórólfur um leið og hann fór á bak.

Salvesen sötti stigana og pakrennurnar og tók það upp í skuldina, en Niels Mikkel fékk hvorki hálfannan kringlóttan né hálfannan flatan dal, nei, reyndar ekki. Hann mætti þakka fyrir að honum var ekki stefnt.

## HEIMIR

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert sinn, auk kápu og auglýsinga.  
Kostar **einn dollar** um árið. borgist fyrirfram.

Gefinn út af hinu Íslenska Únítáriska Kyrkjufélagi í Vesturheimi.

**ÚTGÁFUNEÐN:**

G. Árnason, ritstjóri      S. B. Brynjólfsson, ráðsmáður  
Jóh. Sigurðsson

Bréf og annað innihaldi blaðsins viðtíkjandi sendist til Guðm. Árnassonar: 385 Simcoe St. Penninga sendingar sendist til S. B. Brynjólfssonar 623 Agnes St.

THE ANDERSON CO., PRINTERS

## **FASTEIGNIR KEYPTAR OG SELDAR**

KOMIÐ OG ATHUGIÐ hvað vér höfum að bjóða, á ýmsum stöðum í borginni, fóður en þér veljið yður byggingarstæði. Vér kaupum sölusamninga, lánum peninga út á eignarbréf fyrir bæjarlóðum. Komið til vor eftir öllu, tilheyrandi fasteignum.

**WILLIAM GRASSIE**

**54 AIKINS BUILDING - 221 McDERMOT AVE.**

**PHONE 5327 • • • P. O. Box 645**

---

NOTÍÐ

# Royal Crown

SÁPU

GEYMIÐ UMBÚÐIRNAR OG FÁIÐ VERÐLAUN.

Það hefir verið sannað með tilraunum að sex stykki af ROYAL CROWN SÁPU eru notadrýgri en átta stykki af vanalegri sápu.

Fáið yður einn pakka af Royal Crown sápu, og komist að raun um að ofanskráð staðhæfing er rétt.

Sendið eftir fullkomnum verðlaunalista. Hann kostar yður ekki neitt.

**THE ROYAL CROWN SOAPS, LTD.**

**VERÐLAUNADEILD**

**WINNIPEG, - - - CANADA**

Nýtiskulegasti og endingarbezti  
skófatnaður í Canada

Þrjú verksmiðjur, Montreal og St. John in the

Tvær sérstakar tegundir—

“Ames Holden Skór”

“McCready Skór”

Negar byrgðir til skjótrar úsendingar í vinnageymsluinsí  
okkar í Winnipeg

Ames Holden McCready Limited

